ACCESS ICELAND
www.GottAdgengi.is

Hafnarfjörður - Lækjarskóli

Skýrsla um aðgengi fyrir alla

Úttekt 2016

Úttekt á aðgengi að Lækjarskóla, Hafnarfirði

Úttekt á staðnum: Dags: 02.05.2016
Úttekt gerð af Hörpu Cilia Ingólfsdóttur og Solveigu Lilju Óladóttur fyrir hönd Aðgengis ehf.

Að ósk:
Helgu Stefánsdóttur, Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar
helgas@hafnarfjordur.is

Efnisyfirlit

1 Velkomin í samstarf 3
2 Úthlutun merkja 4
2.1 Skýring á táknum 5
3 Lestur skýrslunnar og grunnur að úthlutun merkja 6
4 Kröfur sem ætti að uppfylla sem fyrst 7
5 Kröfur sem ekki hafa verið uppfylltar og merkjum því ekki úthlutað 7
6 Atriði sem hafa fengið undanþágu 12
7 Tillögur að úrbótum sem ber að uppfylla með tímanum 13
8 Samantekt og ítarefni 16
8.1 Almennt um aðgengi í byggingunni 16
8.2 Bílastæði 17
8.3 Aðkoma og inngangar 18
8.4 Umferðaleiðir og sameiginleg rými 18
8.5 Innihurðir og gangar 19
8.6 Lyftur 19
8.7 Stigar/tröppur og skábrautir 19
8.8 Snyrtingar 20
8.9 Heimilisfræði - Nemendaeldhús - kennslueldhús 21
8.10 Smíðastofa 22
8.11 Aðrar kennslustofur 22
8.12 Fyrirlestrarsalur 22
8.13 Kennarastofa – vinnurými og skrifstofur 23
8.14 Brunakerfi og flóttaleiðir 23
8.15 Hljóðvist 24
8.16 Lýsing 24
8.17 Merkingar – leiðarlínur – vegvísar 24
8.18 Útisvæði 25
9 Helstu niðurstöður 27
10 Fylgigögn 29

Reykjavík, 30.11.2016

1 Velkomin í samstarf

Til hamingju með að vera aðili að **Access Iceland Aðgengismerkjakerfinu** (AIA). Nú hafa skráðar upplýsingar um umrætt mannvirki verið birtar á www.gottadgengi.is. Á upplýsingasíðunni fá notendur upplýsingar um aðgengi fyrir alla sjö fötlunarflokka aðgengismerkjakerfisins. Gerðar hafa verið aðgreindar upplýsingasíður um aðstöðu og starfsemi í og við mannvirkið, allt eftir umfangi, starfsemi og stærð mannvirkisins.

Upplýsingasíðan hefst á stuttum texta ásamt mynd. Ykkur er velkomið að breyta textanum og/eða gera ítarlegri texta og senda hann til AIA sem mun setja hann inn á síðuna.

Aðgengisupplýsingarnar eins og þær birtast notendum er hægt að nálgast á heimasíðu www.GottAdgengi.is á slóðinni:

http://godadgang.dk/is/search/mainsheet.asp?id=13480

Gott er að hafa skráninguna á netinu til hliðsjónar þegar farið er yfir skýrsluna.

Árgjald er greitt fyrir varðveislu og birtingu upplýsinga á www.gottadgengi.is auk þess sem mannvirkið hefur sitt svæði á heimsíðunni og ávallt er hægt að uppfæra upplýsingar verði einhverjar breytingar sem koma þarf til skila. Mikilvægt er að AIA fái upplýsingar um breytingar sem verða eftir að úttekt er gerð t.d. ef um úrbætur á athugasemdum er að ræða. Uppfærslur eru til þess að notendur fái ávallt raunupplýsingar um aðstæður á staðnum. Ein leið til að koma upplýsingum um breytingar til skila til AIA er að senda ljósmynd og stutta lýsingu á hvað var gert með tölvupósti og þá mun starfsfólk AIA uppfæra skráninguna. Við stærri breytingar og úrbætur væri mögulega þörf á nýrri úttekt að hluta til eða heild.

Við hlökkum til góðrar samvinnu.

F.h. Access Iceland Aðgengismerkjakerfisins,

Harpa Cilia

Harpa Cilia Ingólfsdóttir, M.UD&A, byggingafræðingur BFÍ og ráðgjafi í algildri hönnun

2 Úthlutun merkja

AIA hefur skráð eftirfarandi aðstöðu hjá Lækjarskóla í Hafnarfirði. Skráningin er unnin út frá kröfugrunni AIA og samkvæmt úttekt á staðnum er metið hvaða kröfur eru uppfylltar og hverjar ekki fyrir hvern hinna sjö fötlunarflokka.

Lækjarskóli mun fá úthlutað merkjum fyrir starfsemi sína samkvæmt eftirfarandi mati:

Hafnarfjörður - Lækjarskóli - A-álma
Sólvangsvegur 4, 220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður - Lækjarskóli - B-álma
Sólvangsvegur 4, 220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður - Lækjarskóli - C-álma
Sólvangsvegur 4, 220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður - Lækjarskóli - aðalskráning
Sólvangsvegur 4, 220 Hafnarfirði

2.1 Skýring á táknum

Hjólastólanotendur

Göngu- og handaskertir

Sjónskertir

Heyrnarskertir

Astma- og ofnæmi

Þroskahamlaðir

Lestrarörðugleikar

Upplýsingar (merki ekki úthlutað)

Sjá nánar á vefsíðu Góðs aðgengis:

http://www.gottadgengi.is/merkjakerfid/merkin/

3 Lestur skýrslunnar og grunnur að úthlutun merkja

Eftirfarandi skýrsla er byggð á úttekt og skráningu fagaðila frá AIA og lýsir stöðu aðgengismála í ofangreindum mannvirkjum eins og staðan er í dag. Þar sem við á eru athugasemdir og tillögur að úrbótum.

Úthlutað hefur verið merkjum fyrir framangreindar byggingar (hluta mannvirkis) og aðra aðstöðu, sem uppfylla lágmarkskröfur í hverjum einstökum fötlunarflokki skv. upptalningu í lið 2. Atriði í lið 4 geta þó haft áhrif á merkjaúthlutunina því þar eru tekin fram atriði sem samkvæmt lágmarkskröfu eiga að vera í lagi en eru ekki til staðar. Ástæðan er sú að við áætlum að þau atriði verði komin í lag innan tveggja mánaða frá afhendingu skýrslunnar. Ef í ljós kemur að ekki er hægt að verða við því þarf að endurmeta þá skráningu.

Hafi Lækjarskóli í Hafnarfirði ekki fengið öll merkin er hægt að sjá í lið 5: „Kröfur sem ekki hafa verið uppfylltar“ yfirlit yfir lágmarkskröfur sem ekki hafa verið uppfylltar og skýringar á ástæðum þess að ekki hefur verið úthlutað merki fyrir viðkomandi fötlunarflokk. Þetta yfirlit er síðan hægt að nota sem gátlista við úrbætur á aðgengismálum.

Ef atriði hafa fengið undanþágu er þeim lýst í 6. kafla. Undanþága er t.d. veitt ef aðrir ásættanlegir möguleikar eða lausnir eru til staðar.

Aðrar kröfur – svo kallaðar tillögur til úrbóta – koma fram undir kafla 7: „Kröfur sem ber að uppfylla með tímanum“. Um er að ræða mikilvæg atriði sem hafa áhrif á aðgengi í heild í hverjum fötlunarflokki fyrir sig, en eru ekki lágmarkskröfur, t.d. sbr. byggingarreglugerð o.þ.h. Mikilvægt er að taka tillit til þessara atriða komi til endurbyggingar, viðhalds, nútímavæðingar eða annarra breytinga á aðstöðunni.

Hægt að tala um að aðgengi fyrir alla í mannvirkinu sé gott og jafnvel til fyrirmyndar þegar allar kröfur, bæði lágmarkskröfur og tillögur til úrbóta, hafa verið uppfylltar. Þá getur AIA úthlutað mannvirkinu, og starfsemi þess, öllum aðgengismerkjunum og þið boðið öllum að koma til ykkar.

Á grundvelli meðfylgjandi skráningar og reynslu getur AIA aðstoðað við forgangsröðun og ákvarðanatöku um aðgengisúrbætur í byggingunni.

Vinsamlegast hafið samband við AIA í s. 662 2674 eða með tölvupósti á info@accessiceland.is ef óskað er nánari upplýsinga um innihald skýrslunnar.

4 Kröfur sem ætti að uppfylla sem fyrst

Hér að neðan er yfirlit lágmarkskrafna sem farið er fram á að verði uppfylltar svo fljótt sem auðið er, eða innan tveggja mánaða. Um er að ræða atriði sem teljast einföld í framkvæmd og AIA telur að áhugi sé á að bregðast fljótt við. Þessar kröfur eru grundvöllur merkjaúthlutunarinnar en sé ekki hægt að uppfylla þær verður merkinu fyrir viðkomandi fötlunarflokk eða –flokka fjarlægt.

Tilkynna skal til AIA með tölvupósti á netfangið info@accessiceland.is ef fyrirsjáanlegt er að einhverjar af eftirfarandi kröfum verða ekki uppfylltar.

Hafnarfjörður - Lækjarskóli

Uppfylla skal lágmarkskröfur	Svar

Engar kröfur í þessum flokki

5 Kröfur sem ekki hafa verið uppfylltar og merkjum því ekki úthlutað

Hér að neðan er yfirlit lágmarkskrafna sem ekki hafa verið uppfylltar. Hér má einnig finna ástæður þess að merkjum fyrir einstaka fötlunarflokka var ekki úthlutað. Yfirlitið má svo nota sem gátlista við úrbætur á aðgengismálum.

Hafnarfjörður - Lækjarskóli

Lágmarkskröfum ekki náð (uppfylltar)	Svar
2.1.3 Yfirborð á ristum, skábrautum og tröppum við inngang	
2.1.3.1-A Gefið upp lengd á götum á ristum (mælt í gönguátt) Lágmarkskröfur er fyrir: *Göt á ristum megi ekki vera stærri en 1 cm á lengd og 10 cm á breidd með tilliti til klóa á hundum og þreifistafa (blindrastafa). Ristar við hurðir í Lækjarskóla eru ekki allar eins. Um er að ræða bæði ristar með litlum möskvum og stórum möskvum.*	3 cm

3.1.1 Lyftur

3.1.1.8-A Eru lyftuhnappar með blindraletri eða upphleyptum táknum?

Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Hnappar skulu vera þannig að hægt sé að nota einungis tilfinninguna í fingurgómunum til að finna hnappinn fyrir viðkomandi hæð án þess að virkja hnappana. Ekki skal nota snertirofa. Benda má á að hnappaborðið er sett upp eins og t.d. talnaborð á posum og eða símum þar sem talan 5 er með litlum upphleyptum punkti. Einfaldast er að fá límmiða með punktaletri og líma á eða við hnappana.

3.3.1 Umferðarmál og þyngd hurða aðrar dyr en aðaldyr

3.3.1.4-A Gefið upp mesta tog- og þrýstikraft sem þarf til að opna innihurðir.

12 kg

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Stilla skal tog-eða þrýstikraft á hurðaropnun í mest 4 kg. Sé ekki hægt að létta opnun þarf að setja upp rafstýrða hurðaropnun með takkastýringu og /eða hreyfiskynjara.

4.2.7 Innrétting á kennslueldhúsum

4.2.7.10-B Hvaða gerð af rofum er á eldavél?

Snúningsrofar án þrepastýrðrar stillingar

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Snúningsrofar skulu ekki vera með stiglausri stillingu. Snúningsrofar á eldavél skulu vera með þrepastýrðri stillingu, þannig að hægt er að finna fyrir eða heyra þegar skipt er um stillingu. Ekki skal eingöngu nota snertirofa.

4.2.7.4-B Er hindrunarlaust svæði undir eldhúsbekknum? Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Hindrunarlaust svæði skal vera undir eldhúsbekknum, þannig að unnt sé að renna hjólastól undir bekkinn og komast þannig í hentugri vinnuaðstöðu. Mikilvægt er að einangra undir vask og utanum vatnslás og niðurföll, þar sem gert er ráð fyrir aðkomu hjólastólanotenda við vask. Sjá nánari umfjöllun í kafla 8.

4.2.7.9-B Hver er fjarlægðin frá brún á eldhúsbekk að gripi á blöndunartæki? 47 cm

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Hjólastólanotandi á að geta opnað og lokað fyrir vatnið. Því skal fjarlægðin frá brún á eldhúsbekk að gripi á blöndunartæki ekki vera lengri en 40 cm. Til bóta væri að hafa færanlegan úðara í blöndunartækinu eða sem stakan búnað við vaskinn.

4.2.9 Fyrirlestrarsalir/fundarsalir

4.2.9.1-A Er hindrunarlaus aðgangur inn í rýmið, að töflu, ræðupalli, sviði o.þ.h? Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Aðgengi skal vera hindrunarlaust alla leið inn í rýmið, t.d. fram að töflu, ræðupalli, sviði o.s.frv. Einnig ættu notendur hjólastóla að geta fengið rými sem áhorfandi eða áheyrandi í salnum á sömu forsendum og aðrir þátttakendur. Þar sem tröppur liggja að vegg ætti að setja upp samfelldan handlista frá efstu tröppu að þeirri neðstu auk tilheyrandi framlengingu samkvæmt gildandi byggingarreglugerð.

4.2.9.4-A Gefið upp hindrunarlaust rými milli sætaraða. 34 cm

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Hindrunarlaust pláss milli sætaraða skal vera minnst 60 cm. Athuga þarf hvort aðrar reglur gilda um fyrirlestrasali í grunnskóla.

4.3.0 Sérhæfðar kennslustofur

4.3.0.1-A Hæð á borði þar sem rannsóknir, listsköpun og/eða hannyrðir fara fram. 90 cm

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Þar sem vinnuaðstaða í kennslustofum er sérhæfð eins og í t.d. raungreina-, efnafræði-, handavinnu- og smíðastofum ætti a.m.k. ein starfsstöð að vera með hæðarstillanlegu vinnuborði og/eða útbúin á þann hátt að fólk með fötlun, notendur hjólastóla, sérlega hávaxið og/eða lágvaxið fólk geti notað hana. Sjá nánari umfjöllun um smíðastofur og matreiðslu í kafla 8.

4.4.1 Stólar og borð

4.4.1.3-A Gefið upp hæð undir borð 66 cm

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Leggja skal til a.m.k. eitt borð sem er með a.m.k. 68 cm hæð undir plötu og 74 - 85 cm upp á borðbrún, allt eftir tilgangi borðsins. Þar sem því verður við komið ættu að vera stólar og borð fyrir notendur með mismunandi þarfir. Til dæmis stólar með örmum og stólar án arma. Borð ættu að vera þannig hönnuð að hægt sé að keyra hjólastól undir borðplötuna. Dæmi um borð sem eru oft erfið hjólastólanotendum eru lítið borð með miðjufæti, sérstaklega kringlótt borð. Eins er oft erfitt að komast að borðum sem eru með brún eða ramma undir borðplötunni eða þverslá á milli borðfóta.

5.2.1 Skilti

5.2.1.1-A Hvernig eru merkingar sem vísa veginn að lyftum, stigum með stigalyftu/lyftupalli, snyrtingum, matsal, útgangi, neyðarútgangi o.s.frv. Víða ónógar merkingar

Lágmarkskrafan er fyrir:

Bæta skal merkingar / leiðarvísa að lyftu, snyrtingum, matsal, útgangi, neyðarútgangi o.s.frv.

4.4.2 Hljóðnema- og hljóðkerfi

4.4.2.1-A Eru stærri samkomusalir með hátalarakerfi, útbúnir föstu hljóð-/tónmöskvakerfi fyrir heyrnarskerta? Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Leggja skal til hljóð-/tónmöskva í sameiginleg rými með staðbundnu hljóðkerfi. Einnig er hægt að leggja til færanlegt kerfi sem hægt er að koma fyrir eftir þörfum. Nánari upplýsingar er hægt að finna á www.hti.is Heyrnar og talmeinastöð Íslands.

4.4.2.2-A Er hægt að panta hljóð-/tónmöskvakerfi í rými þar sem ekki er uppsett hátalara og hljóðkerfi? Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að leigja eða fá lánað færanlegt tónmöskvakerfi. Nokkrar mismunandi lausnir eru í boði og þ.m.t. magnari sem leiðsögumaðurinn ber um hálsinn á meðan að leiðsögn fer fram (www.hti.is).

4.7.1 vinnusvæði

4.7.1.1-D Er stillanleg lýsing á vinnuborðinu. Nei

Lágmarkskröfur eru fyrir:

Á vinnuborðum þar sem unnið er með handavinnu af einhverju tagi ætti að vera stillanleg lýsing svo borðplatan/viðfangsefnið geti verið lýst upp eftir þörfum. Vinnuborð sem skoða ætti lýsingu fyrir eru t.d. þar sem unnið er með handavinnu, á bókasafni o.þ.h.
Meta þarf þörf á borðlýsingu í skólum. Sjá nánari umfjöllun í kafla 8 um lýsingu.

4.1.2 Innrétting á snyrtingum

4.1.2.8-A Gefið upp staðsetningu á armstoðum við salerni. Án armstoða

Lágmarkskrafan er fyrir:

Koma skal fyrir niðurfellanlegum armstoðum beggja vegna við salernisskálina í 80 cm hæð og með 60 cm millibili. Það eru armstoðir á staðnum en þær voru bilaðar og ónothæfar þegar úttektin fór fram. Athuga þarf að hafa rétt hlutfall á milli hæðar á armstoðum og hæðar á salerni.

6 Atriði sem hafa fengið undanþágu

Hér að neðan er yfirlit yfir atriði sem hafa fengið undanþágur frá hefðbundnum lágmarkskröfum.

Undanþágur eru oftast byggðar á eftirfarandi forsendum:

a) Undanþágu frá kröfu er hægt að fá ef AIA metur aðstæður þannig að lausnin, sem þegar er til staðar, uppfylli þarfir notandans.

b) Möguleiki á undanþágu gæti einnig verið þegar um er að ræða bráðabirgðalausn eða þess háttar. Ef undanþága er veitt vegna bráðabirgðalausnar mun hún dregin til baka ef endanleg útfærsla stenst ekki kröfurnar.

c) Í kröfugrunni AIA er forsenda metin sem lágmarkskrafa en hún hefur ekki stoð í íslenskri byggingarreglugerð.

Undanþága frá kröfu verður að vera vel rökstudd og þurfa ástæður undanþágu að vera aðgengilegar bæði eigendum mannvirkisins og notendum. Jafnt kröfur sem rök fyrir undanþágu koma fram í eftirfarandi atriðum.

Hafnarfjörður - Lækjarskóli

Undanþegnar kröfur	Svar
4.1.2 Innrétting á snyrtingum	
4.1.2.6-A Gefið upp fjarlægð frá frambrún salernisskálar að aðliggjandi bakvegg. Lágmarkskröfur eru fyrir: *Fjarlægð frá frambrún salernisskálar að vegg bak við salernisskálina skal vera minnst 70 cm. Setuhæð skal vera 48-50 cm yfir gólfi. Koma skal fyrir salernisskál sem uppfyllir kröfurnar. Ekki eru gerðar kröfur um fjarlægð frá vegg á Íslandi og þess vegna er veitt undanþága. Þessi undanþága á við þar sem um upphengd salerni í skólanum er að ræða.*	50 cm

7 Tillögur að úrbótum sem ber að uppfylla með tímanum

Hér að neðan er yfirlit yfir tillögur að úrbótum sem skipta verulegu máli fyrir fólk í þeim hópum sem viðeigandi merki tilheyra. Atriðin ættu í síðasta lagi að vera leyst við almennt viðhald mannvirkisins, endurbætur eða með öðrum breytingum.

Hafa skal í huga að í kafla 7 geta verið tillögur að úrbótum á ákveðnum atriðum þótt lágmarkskröfum fyrir fötlunarhópinn (merkið) hafi ekki verið náð samkvæmt kafla 5. Lágmarkskröfur í hverjum flokki ættu alla jafna að hafa forgang á tillögur að úrbótum.

Hafnarfjörður - Lækjarskóli - aðalskráning

Uppfylla skal aðgerðaráætlun	Svar

3.1.1 Lyftur

3.1.1.7-B Gefið upp mestu hæð á hæðarhnöppum á hnappaborði yfir gólfi.
Framkvæmdaáætlun er fyrir:
Lækka skal hnappaborð, þannig að það er í minnst 70 cm hæð og mest 120 cm hæð yfir gólfi.

129 cm

3.4.7 Tröppur og skábrautir í byggingum

3.4.7.1-B Gefið upp hvaða fletir eru merktir
Framkvæmdaáætlun er fyrir:
Að minnsta kosti fyrsta og síðasta þrep í hverri stigaeiningu á að vera merkt með áberandi lit fremst á þrepinu og á framhlið þrepa og á þrepkanti (lárétt og lóðrétt). Tröppurnar í fyrirlestrarsalnum eru misdjúpar og því nauðsynlegt að brúnir þeirra séu vel sýnilegar, sérstaklega í göngulínunni. Þar sem tröppurnar eru staðsettar í miðjum salnum og bekkirnir ná að veggjunum sitt hvoru megin þá er ekki möguleiki á að setja handlista annarstaðar en í miðjar tröppurnar. Handlisti í miðjum tröppunum myndi gagnast fólki til að styðja sig hvort sem farið er upp eða niður tröppurnar.
Krafa um merkingar í og við tröppur/stiga gildir um alla stiga byggingarinnar.

Lélegar merkingar



3.4.7.5-B Gefið upp fjarlægð frá vegg að handlista í cm.

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Handlistar eiga að vera 3 til 5 cm sverir og vera minnst 4 og mest 6 cm frá vegg. Handlistar eiga að ná 30 – 50 cm upp fyrir efsta þrep og framfyrir neðsta þrep.

Athugasemdin á við um alla stiga byggingarinnar.

3,8 cm



3.4.7.5-C Gefið upp hversu langt handlistarnir ná upp fyrir efsta þrep og framfyrir neðsta þrep.

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Handlistar eiga að ná 30 – 50 cm upp fyrir efsta þrep og framfyrir neðsta þrep.

Athugasemdin á við um alla stiga byggingarinnar.

0 cm

4.1.2 Innrétting á snyrtingum

4.1.2.11-A Gefið upp hæð á neðri brún spegils á snyrtingu.

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Lækka skal spegil í 90 cm hæð yfir gólfi eða koma fyrir nýjum spegli í mest þessari hæð. Spegillinn ætti að henta bæði hávöxnu-sem og lágvöxnu fólki. Við úrbætur skal taka tillit til leiðbeiningablaða Mannvirkjastofnunar. Bent er á að skoða hæð búnaðar á snyrtingum með tilliti tilleiðbeiningablaða Mannvirkjastofnunar nr. 6.8.3 Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja. Athugasemdin á við um allar snyrtingar í Lækjarskóla.

117 cm

4.1.2.16-A Er a.m.k. einn spegill á snyrtingunni sem hægt er að komast alveg upp að?

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Tryggja skal að spegill sé upplýstur og endurkastlaus, annaðhvort með að útvega nýjan eða færa spegilinn sem er til staðar. Spegillinn ætti að henta bæði mjög hávöxnu- sem og lágvöxnu fólki. Athugasemdin á við um allar snyrtingar í Lækjarskóla.

Nei

4.2.7 Innrétting í kennslueldhúsum

4.2.7.6-A Tilgreinið minnstu hæð á eldhúss-/neðriskápum. Mæla skal frá gólfi að handfangi.

44 cm

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Fyrir hendi eiga að vera eldhússkápar sem er hægt að nota í 60 - 140 cm hæð, mælt frá gólfi að handfangi.

4.4.9 Innrétting á sölum með tilheyrandi rýmum

4.4.9.1-C Eru hjólastólastæðin í salnum í almennu áhorfendasvæði, bæði efst og neðst?

Nei

Framkvæmdaáætlun er fyrir:

Hjólastólastæði í sal skulu vera í almennu áhorfendasvæði, þannig að unnt sé að sitja saman með þeim sem eru ekki hjólastólanotendur. Í salnum eru góð stæði á efsta palli en þar er borð þar sem hægt er að staðsetja bæði hjólastóla og hefðbundna stóla. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir 3 hjólastólum í senn. Hinsvegar er hvorki hægt að komast að fremsta bekk (neðsta bekk) í hjólastól né að fyrirlestrarsvæðinu. Notendur hjólastóla geta því ekki verið fyrirlesarar í salnum.

5.2.1 Skilti

5.2.1.2-A Tilgreinið hvort skilti eru myndræn, skýr og greinileg.

Að hluta til óskýr skilti

Framkvæmdaáætlunin er fyrir:

Upplýsingaskilti eiga að vera skýr og greinileg og með táknmyndum. Skiltin eiga að vera staðsett þannig að hægt sé að komast alveg upp að þeim. Merkingar með myndrænum hætti geta nýst þeim sem hafa ekki íslensku á valdi sínu sem og þeim sem eru enn ólæsir eða með lestrarörðugleika.

Öll mál eru gefin með fyrirvara um villu eða mistök. Hafi mistök átt sér stað eru líkur á að viðeigandi tillögur að úrbótum eigi ekki lengur við. Bent er á að mikilvægt er að sannreyna allar tölur í dálki merktum “Svar” í skýrslunni, áður en farið er í framkvæmdir eða undirbúningsvinnu að framkvæmdum.

8 Samantekt og ítarefni

Flest atriðin hér fyrir neðan eru tekin fyrir í köflum 4 - 7 en sum þeirra eru það mikilvæg að þau eru ítrekuð hér í kafla 8. Önnur atriði hafa ekki enn verið tekin fyrir, t.d. ef þau falla ekki að tilbúnu gátlistunum, og verða því einungis tekin fyrir í 8. kaflanum. Í því sambandi má m.a. nefna flóttaleiðir.

8.1 Almennt um aðgengi í byggingunni

Almennt er aðgengi gott í byggingunni og umferðaleiðir einfaldar og greiðfærar. Byggingin er löng og í skýrslunni verður henni skipt upp í skiptist í 3 álmur, A, B og C, samkvæmt meðfylgjandi lykilmynd:



Álma A er næst íþróttahúsinu og telst inngangur inn í hana aðalinngangur hússins. A álman er á þremur hæðum og er lyfta á milli allra hæða. Þar sem lyftan og stiginn eru hlið við hlið er hægt að segja að um *"samhliða"* aðgengi sé að ræða. Gott dæmi um að hönnun sé samkvæmt hugmyndafræði um algilda hönnun er m.a. að fólk geti ferðast samhliða á milli hæða. Í kjallara eru snyrtingar, ræsting og geymsla. á 1. hæð er matar- og hátíðarsalur, leiksvið, tónmenntastofa, almennar kennslustofur,

kennslueldhús (heimilisfræði) fyrirlestrarsalur, aðstaða umsjónarmanns og húsvarðar. Að auki er eldhús, geymsla og aðstaða nemendaráðs. Hægt er að ganga út á timburpall út frá matar- og hátíðarsalnum.

Álma B er miðálma byggingarinnar og er á tveimur hæðum. Hægt er að komast niður í kjallarann en þar er einungis aðgengi að tæknirýmum og lagnagangi svo engin ástæða er til þess að skrá aðgengi þar sérstaklega. Á 1. hæð eru almennar kennslustofur, snyrting fyrir alla, geymsla. Á 2. hæð eru almennar kennslustofur, sérdeild, almennar snyrtingar, skrifstofur og hjúkrunarfræðingur. Engin lyfta er á milli hæða í þessari álmu og því um *"einhliða"* aðgengi að ræða. Meta þarf í samráði við skólastjóra hvort þörf er á lyftu í miðrými skólans. Möguleiki á lyftu er til staðar með því að nýta ræstirýmin sem eru við hlið stigans en það er samskonar uppsetning rýma og við stiga í hinum álmunum.

Álma C er með almennum kennslustofum, myndmennt, smíðastofu og raungreinastofum á fyrstu hæð. Aðgengi á milli hæða í C álmu er bæði umstiga og lyftu. Þar sem lyftan og stiginn eru hlið við hlið er hægt að segja að um *"samhliða"* aðgengi sé að ræða. Gott dæmi um að hönnun sé samkvæmt hugmyndafræði um algilda hönnun er m.a. að fólk geti ferðast samhliða.

8.2 Bílastæði

Aðeins eitt stæði er merkt fólki með fötlun en það er vel merkt og stutt frá aðalinngangi. Bent er á að skjólveggur um sorptunnur sem staðsettar eru til hægri við bílastæðið gætu byrgt ökumönnum sýn á gangstéttina meðfram íþróttahúsinu þegar bakka þarf út.

8.3 Aðkoma og inngangar

Inngangar eru vel aðgengilegir en alveg ómerktir. Ein af spurningum gátlistans um inngönguhurðir er hvort flöturinn fyrir framan sé í sömu hæð að gólfið innandyra. Í flestum tilfellum inngönguhurða í Lækjarskóla er svarið neikvætt. Minnstur er þó hæðarmunurinn við aðalinngang skólans og út á svalir með timburpalli á 2. hæð.

Staðsetning ljósastaurs við aðalinngang Lækjarskóla hefði átt að vera nær, eða alveg við, hlöðnu veggina sem ramma inn svæðið fyrir framan bygginguna. Staðsetning ljósastaursins, eins og hann er nú, getur auðveldlega skapað hættu fyrir þá sem eru með skerta sjón eða eru bara annars hugar. Ef ekki er kostur á að færa staurinn, (t.d. setja staura við sitt hvorn hleðsluvegginn) mætti bæta aðstæðurnar með því að gera staurinn auðsýnilegri og greinilegri í umhverfi sínu.

8.4 Umferðaleiðir og sameiginleg rými

Yfirleitt eru umferðarleiðir greiðar en þó getur verið erfitt að komast á milli hæða þar sem aðeins ein lyfta er í húsinu og oft um langan veg að fara til að komast í hana.

Fólk sem á erfitt með gang eða notar hjólastól kemst ekki að ræðupúlti fyrirlestrarsalarins þar sem aðeins er hægt að komast að því með því að fara niður tröppur án handlista.

8.5 Innihurðir og gangar

Allar hurðir á aðalumferðarleiðum innanhúss eru breiðar og án þröskulda. Kanna þarf þyngd hurða í opnun og stilla ef á þarf að halda. Miðað er við að mesta tog sé um 4 kg (40 N). Ef ekki er hægt að stilla hurðarpumpur um eða undir 4 kg ætti að setja á þær rafstýrða hurðaropnun.

Hurðir á snyrtingum, sem eru ætlaðar öllum, ættu alltaf að opnast út eða vera rennihurðir. Auk þess ætti að setja handlista á hurðina innanverða, í hæð fyrir hjólastólanotendur, til að auðvelda þeim að loka á eftir sér. Lítil rými eins og ræstingar nýtast betur og snyrtingar sem ekki eru ætlaðar öllum nýtast mun fleirum ef hurðirnar opnast út því þá er allt rýmið fyrir innan til ráðstöfunar fyrir notandann.

8.6 Lyftur

Bent er á athugasemdir í köflum 5 og 7.

8.7 Stigar/tröppur og skábrautir

Engar merkingar eru á þrepum stiga fyrir utan við efsta og neðsta þrep í einum af þeim sem liggur niður í kjallara. Merkingar með áþreifanlegu yfirborði ættu a.m.k. að vera við stigabrúnir þar sem gengið er niður. Merkingar á stigaþrepum eru mikilvægar og þá sérstaklega í neðstu og efstu tröppum hvers stigahlaups. *Sjá m.a. leiðbeiningablöð Mannvirkjastofnunar nr. 6.4.4 og 6.4.6.*

Til ítrekunar úr kafla 7 er bent á tröppur í fyrirlestrarsalnum. Þær eru misdjúpar og því nauðsynlegt að brúnir þeirra séu vel sýnilegar, sérstaklega í göngulínu. Handlisti í miðjum tröppunum myndi gagnast fólki til að styðja sig hvort sem farið er upp eða niður tröppurnar.

Skábraut við matsal/hátíðarsal er hvorki með öryggiskanti né handlistum beggja vegna eins og leiðbeiningar segja til um. Uppsetning handlista við núverandi skábraut myndi breyta umferð um svæðið og þarf að skoða vel hvort það myndi vera til góðs. Kantar/brúnir við skábraut ættu að vera vel merktur svo fólk átti sig á hvar brúnirnar eru. Á myndinni til hægri hér fyrir neðan rennur skábrautin saman við timburgólfið í salnum.

8.8 Snyrtingar

Snyrtingar í kennslustofum eru almennt litlar en þar sem því verður við komið ætti að snúa hurðum þannig að þær opnist fram því þannig nýtist allt rýmið fyrir innan og fleiri geta notað snyrtinguna.

Á snyrtingum sem eru aðgengilegar fólki með fötlun ætti að vera handlisti innan á hurðinni, í hæð fyrir hjólastólanotendur, þannig að auðveldara sé að loka á eftir sér.

Merkja ætti allar hurðir snyrtinga sem eru aðgengilegar fólki með fötlun, að utanverðu, með grunnmyndum. Grunnmyndirnar eiga að sýna búnaðar og uppröðun rýmisins. Sjá meðfylgjandi dæmi um merkingar á hurð:

Myndir frá Dansk Handicaporganisationernes hus

Litamunur og litasamsetning skiptir miklu máli og þá sérstaklega fyrir fólk með sjónskerðingu og þá sem eru með jafnvægistruflanir.

Hvítar innréttingar og búnaður í rýmum með hvíta veggi og gólf geta verið mjög erfið fyrir marga. Eins þegar gólf og veggir eru með háglans yfirborði sem endurkastar ljósi. Til upplýsinga þá getur verið nóg að setja litaðan flöt í kringum handlaug og spegil og bakvið salernið. Armstoðir og handföng sem og annar búnaður má gjarnan vera í öðrum og jafnframt áberandi lit miðað við veggina.

8.9 Heimilisfræði - Nemendaeldhús - kennslueldhús

Almenn hæð upp á vinnuborð í heimilisfræði grunnskóla er 80 – 90 cm. Til upplýsinga þá er augnsvæði hjá barni sem situr í 30 cm hæð (sethæð sem hæfir barni) um 75 cm. Sjá leiðbeiningar: í kafla 2.3 í handbókinni Aðgengi fyrir alla:

http://www.rabygg.is/adgengi/a%C3%B0gengifyriralla.aspx

Þó má gera ráð fyrir að sethæð barna í hjólastól sé eitthvað hærri en í hefðbundnum stól. Ef taka á tillit til allra í kennslustofunni þá er nauðsynlegt að hafa aðgang að hæðarstillanlegu vinnuborði.

Meðal atriða sem hafa þarf í huga við hæðarstillanleg vinnuborð með vaski er að vel sé einangrað undir vaskinn og utanum vatnslás svo ekki skapist hætta á bruna á lærum og fótum þegar hjólastól er keyrt er undir hann. Til staðar ætti að vera a.m.k. einn bakaraofn sem hentar notendum hjólastóla, bæði í hæð og opnun. Einnig þarf að athuga með rofa á eldavél og ofni með tilliti til blindra.

Sem dæmi væri hægt að breyta staka vinnuborðinu í kennslustofunni í hæðarstillanlega vinnustöð með aðgengi fyrir alla, eða þeim hluta tvöföldu eininganna sem eru á endunum og hafa mest athafnarými. Mögulega gæti hæðarstillt starfsstöð einnig komið sér vel fyrir kennara og lágvöxnustu nemendurna.

Snyrting inni í heimilisfræðistofunni myndi nýtast mun fleirum ef opnunarátt hurðarinnar yrði snúið svo hún opnaðist fram.

8.10 Smíðastofa

Ef ekki er nú þegar a.m.k. einn smíðabekkur (vinnuaðstaða) sem er hæðarstillanlegur með rafstýrðum búnaði í smíðastofunni ætti að setja slíkan upp. Mikilvægt er að hægt sé að keyra hjólastól undir bekkinn. Dæmi um smíðabekki með góðu aðgengi:

8.11 Aðrar kennslustofur

Í kennslustofum þar sem nemendur þurfa að þvo sér um hendur, þvo áhöld eða ná í vatn ætti vaskurinn að vera staðsettur þar sem allir geta komist að honum og allur búnaður, þ.m.t. blöndunartæki, þannig að henti fólki með fötlun.

8.12 Fyrirlestrarsalur

Á efsta palli í fyrirlestrarsalnum eru góð stæði, rými fyrir notendur hjólastóla og aðstoðarfólk eða aðra. Þar eru borð þar sem hægt er að staðsetja bæði hjólastóla og hefðbundna stóla. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir um þremur hjólastólum í senn. Hinsvegar er hvorki hægt að komast að fremsta bekk (neðsta bekk) í hjólastól né að fyrirlestrarsvæðinu. Notendur hjólastóla geta því ekki verið fyrirlesarar í salnum.



8.13 Kennarastofa – vinnurými og skrifstofur

Vinnuaðstaða kennara er frekar þröng en mögulega er hægt að færa innréttingar til ef á þarf að halda.

8.14 Brunakerfi og flóttaleiðir

Brunaviðvörunarkerfi ætti að vera með blikkljósum á lykilstöðum svo heyrnarskertir og heyrnarlausir geti séð að það hafi farið í gang t.d. á göngum, í opnum rýmum, í hljóðeinangruðum rýmum tónlistarstofa, þar sem búast má við miklum hávaða eins og t.d. í smíðastofum o.fl..

Flóttaleiðir eru margar hverjar með miklum hæðarmun og eru ekki aðgengilegar öllum. t.d. á flóttaleið úr bókasafni. þröskuldur 10 cm innanfrá og 13 cm utanfrá. Nóg pláss er á biðpalli. Biðsvæði fyrir fólk með fötlun þurfa að vera vel skilgreind og ljóst hvar þau eru staðsett. Auk hæðarmunar eru erfiðar læsingar á hurðum.

Opnun flóttaleiða sem og leiðin út ætti að vera aðgengileg öllum og ef ekki þarf að skilgreina þær og merkja samkvæmt því.

Biðsvæði fyrir fólk með fötlun þurfa einnig að vera vel skilgreind og ljóst hvar þau eru staðsett. Ef almennar útgönguleiðir sem og flóttaleiðir eru ekki allar aðgengilegar öllum er mikilvægi skýrra verkreglna við flótta fatlaðra einstaklinga ótvírætt og mikilvægi leiðbeininga til fatlaðs fólks að réttum flóttaleiðum jafnvel lífsspursmál.

8.15 Hljóðvist

Ekki er vitað um formlegar kvartanir varðandi hljóðvist í byggingunni en mikilvægt er að taka allar kvartanir alvarlega og skoða hvað megi gera til úrbóta. Sérstaklega þarf að skoða stór og opin rými. Slæm hljóðvist getur truflað einbeitingu fólks og valdið einangrun þeirra sem eru heyrnarskertir. Einnig getur hún skapað streitu og vanlíðan hjá fólki þótt heyrnin sé í lagi.

Margar leiðir eru til að bæta hljóðvist en til að ná góðum árangri þarf að mæla hana rétt og setja upp viðeigandi búnað á hvern stað. Í sameiginlegum rýmum þar sem eru hljóðkerfi, hvort sem þau eru innbyggð eða færanleg, þá er mikilvægt að athuga hvort hægt sé að tengja tónmöskva við hljóðkerfið eða annan búnað sem hentar heyrnarskertu fólki. Móttöku-, upplýsinga- og afgreiðsluborð eru sérstaklega mikilvæg. Upplýsingar um möguleika og viðeigandi búnað og tæki er hægt að fá hjá Heyrnar og talmeinastöð Íslands (www.hti.is).

8.16 Lýsing

Mikilvægt er að hafa góða lýsingu í stigum og tröppum þótt lýsingu sé haldið í lágmarki almennt. Stillanleg vinnulýsing á vinnuborðum, sérstaklega þar sem er unnið við handavinnu, getur skipt verulegu máli fyrir alla sem eru með sjónskerðingu.

8.17 Merkingar – leiðarlínur – vegvísar

Inngangar ættu að vera merktir með skiltum og annars konar yfirborðsefni á gangsvæði, þannig að sjóndaprir sem og aðrir, t.d. ókunnugir, geti áttað sig á staðsetningu inngangsins og um hvaða inngang er að ræða. Hægt er að merkja yfirborð með t.d. gólfmottu, málningu, öðrum lit í hellum o.s.frv. Sjá m.a. leiðbeiningablöð Mannvirkjastofnunar nr. 6.2.3 og 10.4.2.

Aðrir inngangar en aðalinngangur ættu að vera merktir eins og kostur er og við á í hverju tilfelli. Merkingar eru mikilvægar fyrir fólk sem á erfitt með rötun og áttir sem og þeirra sem eiga erfitt með að muna hluti og þær veita öryggistilfinningu þótt viðkomandi þekki svæðið.

Merkingar innandyra eru einnig mjög mikilvægar og það þarf að merkja eða vísa á innganga að innanverðu (útganga), öll rými sem notendur hafa aðgang að, t.d. búningsklefa í íþróttamannvirkjum, skriftstofur, fundarými og hverskonar starfsemi sem á sér stað í byggingunni. Sérstaklega er mikilvægt að merkja almennar snyrtingar sem eru oft staðsettar við anddyri og sameiginlega aðstöðu o.þ.h. Mikilvægt er að lyftur, stigar og snyrtingar séu þannig merktar að hægt sé að sjá staðsetningu þeirra á auðveldan hátt og frá fleiri en einu sjónarhorni. Merkingar ættu að vera bæði með texta og táknmyndum sem og punktaletri þar sem við á.

Merkingar á hnöppum, t.d. rafmagnsopnun hurða, eru mikilvægar til að fólk átti sig á að búnaðurinn sé til staðar og einnig hvaða hnappur/takki tilheyrir búnaðinum.

Merkingar á tröppunefjum eru mikið öryggisatriði fyrir fólk með litla eða takmarkaða sjón og þær koma einnig öllum öðrum notendum til góða með því að skerpa á atriðum sem geta valdið hættu.

Merkingar í Lækjarskóla eru í flestum tilfellum skilti með númeri og texta. Textinn er almennt skýr en skoða mætti hvort skiltin þurfi að vera stærri, hvort hægt sé að gera þau myndrænni þannig að þau verði einnig skiljanleg þeim sem ekki eru með íslensku alveg á valdi sínu eða eru ekki alveg læsir.

Dæmi um núverandi merkingar í Lækjarskóla:

8.18 Útisvæði

Á útisvæði er mikið af svokallaðri öryggismöl sem er mjög erfið fyrir fólk með gönguerfiðleika og alls ófær fyrir fólk með hækjur, göngugrind eða í hjólastól. Einnig smitast hún upp á gangstéttir og gerir þær erfiðari yfirferðar og getur valdið því að fólki skrikar fótur. Lausamöl á gangstéttum getur m.a. skapað hættu fyrir hjólreiðafólk, hlaupahjól, línuskauta og þess hátta búnað.

Snjóbræðsla hvort sem er í stétt og/eða bílastæði er eitt af bestu dæmunum til að lýsa algildri hönnun utandyra.

Benda má á að afmörkun svæða með lit og mismunandi yfirborðsefni kemur sjónskertu fólki og öðrum til góða þegar ferðast er um lóðina. Mismunandi yfirborðsefni getur nýst sem leiðarlína fyrir blint og sjónskert fólk. Ef yfirborðsefni er nægilega frábrugðið í áferð eða hæðarmun til að hann sé merkjanlegur með fótunum og/eða þreifistaf eru miklar líkur á að hægt sé að nota hönnunina sem leiðarlínu

og/eða kennileiti. Með því að geta fylgt náttúrulegum leiðarlínum og kennileitum í umhverfinu geta þeir sem nota þreifistafi fylgt gönguleiðinni á eðlilegan hátt.

Taka skal fram að lóðin hefur ekki verið tekin út sérstaklega með tilliti til aðgengis nema að mjög takmörkuðu leyti.

9 Helstu niðurstöður

Aðgengi fyrir fólk með fötlun að Lækjarskóla er að mörgu leyti gott. Bæði hvað varðar nemendur og starfsfólk.

Til fyrirmyndar: Athugið að ekki er um tæmandi lista að ræða.

a) Útisvæðið á skólalóðinni er með greiðu aðgengi fyrir notendur hjólastóla fyrir utan svæði þar sem er lausamöl.
b) Umferðaleiðir eru almennt góðar og til fyrirmyndar er þar sem stigar og lyftur eru staðsett samhliða.
c) Almenn og aðgengileg snyrting er á gangi, sem og lyfta við hlið stiga er á jarðhæð C-álmu.
d) Almenn og aðgengileg snyrting er á gangi, sem og lyfta við hlið stiga er á 1. hæð B-álmu. (Hvorki er almenn og aðgengileg snyrting á 1. hæð A og C álmu né á 2. hæð B- og C álmu auk þess er ekki lyfta við stiga í B-álmu).
e) Sérkennslustofur á 2. hæð eru með rúmgóðum snyrtingum.

Athugasemdir/ábendingar: Athugið að hvorki er um tæmandi lista að ræða né sérstaka forgangsröðun.

1. Aðgengilegar snyrtingar í kennslustofum vantar, fyrir utan í tveimur sérkennslustofum á 2. hæð. Með því að snúa opnunarátt hurða væri hægt að bæta aðgengi verulega.
2. Einungis er ein aðgengileg snyrting á 1. hæð. Snyrtingin er staðsett í B-álmunni. Skólinn er stór og því þarf að meta hvort þörf er á stórum snyrtingum í A og C álmu.
3. Einungis er ein aðgengileg snyrting á 2. hæð. Snyrtingin er staðsett í A-álmunni. Skólinn er stór og því þarf að meta hvort þörf er á stórum snyrtingum í B og C álmu. (Tvær kennslustofur, önnur í A álmu og hin B álmu eru með stærri snyrtingum).
4. Meta þarf hvort þörf er á lyftu í B-álmu.
5. Skábrautir í sal skólans er án öryggiskants og handlista. Sjá. aths. i kafla 8.
6. Handlista í tröppum fyrirlestrarsalar vantar.
7. Aðgengi hjólastólanotenda að ræðupúlti í fyrirlestrarsal vantar.
8. Aðgengilega vinnustöð í kennslueldhús (heimilisfræði) vantar.
9. Ath. hvort aðgengilega vinnustöð í smíðastofu vanti.
10. Búnaður fyrir heyrnarskert fólk er ekki til staðar í afgreiðslu og bókasafni.
11. Merkingar á inngöngum vantar
12. Merkingum innandyra er almennt hægt að bæta.

13. Athuga þarf flóttaleiðir með tilliti til hreyfihamlaðra þ.m.t. læsingar, hæðarmun og biðsvæði.
14. Yfirfara þyngdir á opnun hurða og setja upp rafdrifinn opnunarbúnað þar sem þarf.
15. Rafstýrður opnunarbúnaður á aðalinngangi var óvirkur þegar úttekt fór fram.

10 Fylgigögn

Meðfylgjandi eru grunnmyndir af byggingunni þar sem merkt hefur verið inná byggingarhluta sem skoða þarf sérstaklega með tilliti til aðgengis. Merkingarnar geta verið með eða án athugasemda. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir eða úrbóta er þörf er fjallað um það í köflunum hér á undan.



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann
07 NOV. 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Elafsd 071070-5069

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	03.11.2001	Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa		



ARKITEKTAR
BERGSTADASTRÆTI 10, RVK.
sími:551-1460, netfang:arkitekt@ishoff.is
FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
HÖFÐABAKKI 9 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 534 5300 - FAX: 534 5380 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚN 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND JARÐHÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660589-1399
REYKJAVÍK	25.06.2001

KVARÐI 1:100

VERKNR.	TEIKN. NR.	BR.
	B2-A-BG0-001	A



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann
07 NOV. 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd. 071070-5069

A 03.11.2001 Rýmisnöfnum breytt skv. byggingarfulltrúa
BR. DAGS. BREYTING REIKN. TEIKN.





ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími:551-1460, netfang:arkitekt@ishelf.is
FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
STEFNI, KATLA 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 554 5300 – FAX: 554 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND JARÐHÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660569-1399
REYKJAVÍK	25.05.2001

KVARÐI 1:100
VERKNR.
TEIKN. NR. B2-A-BG0-002
BR.

Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann
07 NOV. 2001
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson



Engin stór snyrting við hátíðarsal, fyrirlestrarsal, aðalanddyri

Ingibjörg Elafsd 071070-3069

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	03.11.2001	Rýmisnöfnum breytt skv. byggingarfulltrúa		



ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími: 551-1460, netfang: arkitekt@ishof.is
FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
MÝRFLUVEGUR 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 554 5300 – FAX: 554 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 1. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660569-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100
VERKNR.
TEIKN. NR. B2-A-BG1-003
BR. A



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann

07 NOV. 2001

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd. 071070-5069

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	03.11.2001	Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa		





ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími 551-1460, netfang:arkitekt@isholf.is

FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
NÍBÍRLAVEGUR 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 554 5300 – FAX: 554 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 1. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660569-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100

VERKNR. | TEIKN. NR. B2-A-BG1-002 | BR. A



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann
07 NOV. 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd. 071070-5009

A 03.11.2001 Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.



ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími:551-1460, netfang:arkitekt@isholf.is

FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
NÝRÍPLAVEGUR 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 554 5300 – FAX: 554 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 1. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660589-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100

VERKNR.

TEIKN. NR. B2-A-BG1-001

BR. A



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann
07 NOV. 2001
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd 071070-5169

A 03.11.2001 Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	03.11.2001	Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa		





ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími 551-1460, netfang arkitekt@isholf.is
FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
STÓRHÖFÐI 4 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 564 5300 – FAX: 564 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 2. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660569-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100
VERKNR.
TEIKN. NR. B2-A-BG2-003
BR. A



Samþykkt á fundi byggingarnefndar þann 07 NOV. 2001

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd. 071070-3069

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	03.11.2001	Rýmiskröfum breytt skv. byggingarfulltrúa		



ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK
sími 551-1460, netfang arkitekt@isholf.is
FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
NÝBÝLAVEGUR 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI 554 5300 – FAX 554 5360 – NETFANG landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 2. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660569-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100

VERKNR.

TEIKN. NR. B2-A-BG2-002

BR. A



Engin almenn stór snyrting og allar kennslustofusnyrtingarnar litlar nema í einni stofu.

Samþykkt á fundi bygginganeíndar þann

07 NOV. 2001

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlenður Hjálmarsson

Sigríður Ólafsd 071070-5069

A 03.11.2001 Rýmisnúmerum breytt skv. byggingarfulltrúa

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.



ARKITEKTAR
BERGSTAÐASTRÆTI 10, RVK.
sími:551-1460, netfang:arkitekt@isholf.is

FINNUR BJÖRGVINSSON
HILMAR ÞÓR BJÖRNSSON
SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

LANDMÓTUN
EINAR E. SÆMUNDSEN
INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
KRISTLAVEGUR 6 – 200 KÓPAVOGUR – SÍMI: 554 5300 – FAX: 554 5360 – NETFANG: landmotun@landmotun.is

VSÓ
VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, SÍMBRÉF 585-9010, NETFANG vso@vso.is

SÓLVANGSVEGUR 4
LÆKJARSKÓLI

SKÓLABYGGING
GRUNNMYND 2. HÆÐAR

HANNAÐ/TEIKN.	SÓ
ATH.	FB
SAMÞYKKT	
KT.	660589-1399
REYKJAVÍK	03.10.2001

KVARÐI 1:100

VERKNR. | TEIKN. NR. B2-A-BG2-001 | BR. A